

**Ed.**

**709. Breytingartillögur**

[201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. Við 2. gr. Upphaf 4. töluliðar orðist svo:
  4. Að annast í samvinnu við raforkumálastjóra o. s. frv.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Það er einnig verkefni Landsvirkjunar að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur, eftir nánari ákvörðun Alþingis.

Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skal gilda um land allt.
3. Eftir 3. gr. komi ný grein (aðrar greinar breytist að raðtölu samkv. því):

Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera það sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.
4. Við 7. gr. Fyrsti málslíður falli niður.
5. Við 11. gr.
  - a. Í stað „Efnahagsstofnunarinnar“ komi: Hagstofunnar.
  - b. Við 1. málsg. bætist:

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Landsvirkjunar.
  - c. 2. málsg. orðist svo:

Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþingis.